

FLÓRGOÐINN

FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

3. tbl. 17. árgangur

Forsíðumyndina á Hafdís Erna Hafsteinsdóttir 8.-VBP - Klettaheimum.



JÓL Í ÁSLANDSSKÓLA

VIÐBURÐARÍK AÐVENTA Í SKÓLANUM

Jólamorgunstundir eru 13. desember í yngri deild og 14. desember í miðdeild.

Á jólamorgunstundum er byrjað á því að nemendur í 5. bekk sýna helgileik en síðan eru bekkir/árgangar með eitt stutt jólalegt atriði.

Sameiginleg jólasöngstund er miðvikudaginn 19. desember en þá kemur allur skólinn saman og syngur jólalög. Gaman væri ef nemendur mæti í einhverju jólalegu (jóláhúfur, jólapeystur/boli)þennan dag.

Mikil dagskrá er síðan 20. desember. Jóláböll hjá flestum og í lok jólaballs hjá 5. bekk afhendum við fulltrúm Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar söfnunarfé frá skólasamfélaginu í Áslandsskóla.

Eftirfarandi dagskrá á við um fimmtudaginn 20. desember nema annað sé tekið fram sérstaklega.

1. bekkur	Jólaball 9.00-9.55 / Stofujól 8.10-9.00
2. bekkur	Jólaball 8.10-9.00 / Stofujól 9.00-10.00
3. bekkur	Jólaball 10.00-10.50 / Stofujól 9.10-10.00
4. bekkur	Jólaball 11.00-11.50 / Stofujól 10.00-11.00
5. bekkur	Jólaball 12.00-12.50 / Stofujól 11.10-12.00
6. bekkur	Jólaball með nemendum á leikskólanum
Tjarnarási 19. des / Stofujól 9.00-10.00 þann 20. des	
7. bekkur	Jólaball 17.00-19.00 19. des í Ásnum / Stofujól 9.30-10.30 20. des
8. bekkur	Jólaball kl. 20.00-22.00 19. des í Ásnum / Stofujól kl. 19.00-20.00 19. des
9. bekkur	Jólaball kl. 20.00-22.00 19. des í Ásnum / Stofujól kl. 19.00-20.00 19. des
10. bekkur	Jólaball kl. 20.00-22.00 19. des í Ásnum / Stofujól kl. 19.00-20.00 19. des

ÞJÓNUSTA VIÐ SAMFÉLAGIÐ

ÁSLANDSSKÓLI STYRKIR MÆÐRASTYRKSNEFND

Við í Áslandsskóla höfum haft þann sið undanfarin ellefu skólaár að hver nemandi/starfsmaður mæti með lokað umslag með frjálsum framlagi til Mæðrastyrksnefndar í stað pakkaleikja fyrir jólin.

Nemendur afhenda sínum umsjónarkennara framlag sitt mánudaginn 17. desember eða koma með það á skrifstofu skólans.

Þessi hugsun okkar tengist einni af hornstoðunum okkar fjórum, þjónustu við samfélagið.

Fjármunum verður síðan safnað saman og þeir afhentir fulltrúa Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar á sal skólans fimmtudaginn 20. desember kl. 12.50.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? FRÉTTASKOT ÚR ÁRGÖNGUM SKÓLANS

1. bekkur

SKÓLINN MINN UM UMHVERFI HANS

Það er margt skemmtilegt sem við í 1. bekk höfum verið að gera. Við útbjuggum bók um skólann minn og umhverfi hans. Við erum að læra um líkamann og starfsemi hans.

Við erum búin að halda þrjár fuglaveislur frá skólabyrjun og núna í vikunni voru Ásheimar og Ægisheimar að horfa á mynd og borða poppkorn. Svo erum við að efla skólafærni okkar á hverjum degi.



2. bekkur

HEIMSÓKN Á ALÞINGI

Krakkarnir í 2. bekk, Hetjuheimar og Goðaheimar, heimsóttu á dögnum Alþingi í tengslum við námsefnið Komdu og skoðaðu land og þjóð.

Vel var tekið á móti okkur með veitingum og fengum við leiðsögn um þetta frábæra hús. Að sjálfsgöðu stóðu börnin sig með stakri þryði.



3. bekkur

SAGA AF SUÐURNESJUM

Nemendur í 3. bekk eru þessa dagana að vinna verkefnið „Saga af Suðurnesjum“ sem byggir á samnefndu ljóði eftir Jóhannes úr Kötlum. Verkefnið byggir á söguaðferðinni, þar sem nemendur setja sig í spor sögupersóna og takast á við atburði, tilfinningar og vanda. Allir bekkirnir hafa búið til veggmynd af sögu sviði ljóðsins og eftir því sem við lesum lengra munum við bæta við hana.

Sagan fjallar um lítinn dreng og fjölskyldu hans sem búa suður með sjó. Í upphafi ljóðsins er systir drengsins látin, horfin í hafið. Dag nokkurn þegar lítið er af mat í kotinu fer drengurinn út að reyna að veiða en fellur í sjóinn. Ljóðið fjallar síðan um ævintýri hans á hafsbötni.

Verkefnið samþættir náttúru- og samfélagsgreinar og íslensku. Ýmis verkefni eru unnin í hringekju, þar sem virkjaðir eru mismunandi hæfileika nemenda, s.s. myndsköpun, leikræna tjáningu, mál og framsögn. Nemendur eru einstaklega áhugasamir og lifa sig inn í söguna.

4. bekkur

MIKIÐ LESIÐ OG MIKILL BÓKAÁHUGI

Í 4. bekk er mikið lesið og mikill áhugi á lestri og bókum. Nemendurnir sinna heimalestrinum vel og einnig lesum við mikið í skólanum. Nú á dögnum byrjuðum við í PALS, það er lestraraðferð þar sem tveir og tveir vinna saman. Þeir lesa hvor fyrir annan, endursegja söguna, draga saman aðalatriðin og spá fyrir um hvað sé líklegt að gerist á næstu blaðsíðu, allt eftir ákveðnu kerfi.

Nú var einnig að hefjast lestrarsprettur og greinilegt að allir eru sérlega duglegir að lesa heima. Í nestistímanum er lesið daglega fyrir alla, kennarinn velur fjölbreyttar bækur til að reyna að koma til móts við alla.

Ásdís á bókasafninu bauð árgangnum á bókasafnið þar sem hún kynnti fyrir okkur nýútgefnar barnabækur. Það var gaman að heyra gleði og tilhlökkun þegar hver dýrgripurinn á fætur öðrum var kynntur. Það er nokkuð ljóst að margir munu óska sér bóka í jólagjöf í ár.

JÓLAKVEÐJA

Starfsfólk Áslandsskóla sendir nemendum, foreldrum þeirra og fjölskyldum

bestu jóla- og nýárskveðjur.

Hlökkum til að sjá ykkur fersk eftir jólin á fyrsta skóladegi á árinu 2019 þann 7. janúar.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? FRÉTTASKOT ÚR ÁRGÖNGUM SKÓLANS

5. bekkur

LJÓÐALESTUR VIÐ ÁSTJÖRN

Á degi íslenskrar tungu fóru nemendur í 5. bekk í skóginn fyrir ofan Ástjörn og lásu upp ljóð í litlum hópum.

Nemendur höfðu valið sér ljóð, skrifað það í stílabók, myndskreytt og fluttu það síðan fyrir hvert annað úti í náttúrunni. Nemendur stóðu sig vel og höfðu flest mikla ánægju af ferðinni ásamt því að njóta íslenskrar verðurbliðu við flutning fallegra íslenskra verka.

7. bekkur

BROS Á VÖR EFTIR DVÖL Í HRÚTAFIRÐI

Dagana 29. október til 2. nóvember dvaldi 7. bekkur í skólalúðum að Reykjum í Hrutafirði.

Ferðin gekk ótrúlega vel og nemendur voru til fyrirmyndar. Á Reykjum var ýmislegt brallað. Nemendur fylgdu stundaskrá Reykjaskóla og sóttu tíma í náttúrufræði og sögu, fóru í íþróttir og stöðvaleiki.

Einnig heimsóttu þau Byggðasafnið í Hrutafirði þar sem öllum var boðið upp á hákarl, við misjafnar viðtökur.

Nemendur og kennarar fóru heim með bros á vör eftir frábæra viku.



6. bekkur

FJÖLBREYTT MORGUNSTUNDAATRIÐI

Haustið fór vel af stað hjá Álfaheimum og Hulduheimum og starfið hefur gengið mjög vel. Bekkirirnir hafa verið duglegir að fá fugla og hafa verið með þrjár mjög fjölbreyttar fuglaveislur t.d. snyrtidag, kökuveislu og bíó og popp. Hvor bekkur hefur verið með eina morgunstund og vinnan við þær gengið eins og í sögu. Bekkirirnir hafa unnið vel saman að fjölbreyttum atriðum og flutt þau framúrskarandi vel.

Árgangurinn var með hrekkjarvökuball í salnum sem öflugur hópur foreldra skipulagði og tók virkan þátt í. Frábært að hafa svona flottan hóp foreldra sem eru tilbúnir að leggja á sig þessa vinnu.

Framundan er jólamánuðurinn og ekki laust við að farið sé að gæta eftirvæntingar hjá nemendum fyrir þessum vikum sem eftir eru til jóla.

8. bekkur

BEKKJATENGLAR MEÐ HÓPEFLI

Nemendur í 8. bekk hittust nýlega eftir skóla þar sem bekkjartenglar höfðu skipulagt hópefli. Þær stóllur Hildur og Rebekka komu til okkar og leiddu krakkana í gegnum leiki, umræður og dans sem heppnaðist frábærlega.

Nemendur fengu mikið hrós frá þeim fyrir framkomu, þátttöku og jákvæðni.

Að lokum gæddu foreldrar og nemendur sér saman á pizzu og nutu samveru.

Í samfélagsfræði hafa nemendur verið að læra um konungsfjölskyldur í Evrópu og hafa sumir tekið það nám mjög til sín. Heyrst hefur að einhverjir vilja nú láta ávarpa sig sem Kónga, með stóru K-i.

FÆRÐ ÞÚ BÓK Í JÓLAGJÖF?

Eflaust tíðkast á einhverjum heimilum að börn geri sér óskalista, hvað þau langi að fá í

jólagjöf. Fyrir jólin koma út margar skemmtilegar bækur sem gaman

væri að lesa.

Færð þú bók í jólagjöf?

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

FRÉTTASKOT ÚR ÁRGÖNGUM SKÓLANS

9. bekkur

FRÁBÆR FERÐ Í SKÓLABÚÐIR

Fyrstu vikuna í október fór 9. bekkur að Laugum í Sælingsdal. Ferðin gekk vonum framár, þar sem nemendur stóðu sig frábærlega á öllum sviðum. Þau leystu hinar ýmsu þrautir m.a. blindragöngu, sveitaferð, ísbað, samvinnuþrautir o.fl.

Okkar nemendum og nemendum Kelduskóla var skipt upp í þrjú lið sem kepptu innbyrðis alla vikuna um Laugameistara titilinn.

Það var frábært að fá að kynnst nemendum á nýjan hátt og nemendahópurinn hefur styrkst sem heild með þessari ferð.



10. bekkur

STEFNT AÐ GÓÐUM ÁRANGRI

Lífið gengur sinn vanagang í 10. bekk.

Nemendur voru búnir að vinna sér inn fyrir fuglaveislu og var fuglaveisla hjá öllum bekkjum á sama tíma í lok nóvember.

Fyrsta starfskynning vetrarins var um miðjan nóvember hjá Landsspítalanum.

Flestir nemendur eru farnir að stefna á góðan árangur og leggja hart að sér á síðustu metrum grunnskólans.

Framundan er jólamánuður með skreytingardegi, jólasöng, jólaballi og kósýheitum.



Á döfinni

DESEMBER & JANÚAR



DESEMBER

Jólamorgunstund yd 13.12.

Jólamorgunstund md 14.12

Jólasöngstund 19.12

Jólaböll 20.12.



JANÚAR

Skipulagsdagur 4.1

Miðsvetrarpróf UD 18 og 21.1



ÁSLANDSSKÓLI

Kríuási 1

221 Hafnarfirði

S: 585 4600

Netfang: aslandsskoli@aslandsskoli.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Flórgoðans:

LEIFUR S. GARÐARSSON

Skólastjóri